

## REGLUR

### um breyting á reglum nr. 1283/2011, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2012.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á fjárhæðum vegna dagpeninga innanlands í kafla 3.2 Frádráttur á móti dagpeningum:

	kr.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	27.700
Fyrir gistingu í einn sólarhring	17.780
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	9.920
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	4.960

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, öðluðust gildi og komu til framkvæmda frá og með 1. júní 2012.

*Ríkisskattstjóri, 6. júní 2012.*

**Skúli Eggert Þórðarson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingvar J. Rögnvaldsson.*